

Nd. **106. Frumvarp til laga** [92. mál]
um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

e-liður 2. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo: Frá 15. nóvember til 22. janúar: rjúpa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

„Er rjúpan orðin einkafugl Finns Guðmundssonar?“ — Þessu líkt heyrir flm. frv. þessa æði oft spurt. Margir bændur, sem best þekkja til á helstu rjúpnasvæðum, segja hiklaust að verið sé að útrýma þessum fugli. Allir telja þeir sjálfsagt að alfriða rjúpuna í 2—5 ár, eins og venjan var hér áður þegar við blasti álíka útrým-ingarhætta og nú. Samt virðist alveg vonlaust að fá alfriðun samþykkt. Hvers vegna? Finnur Guðmundsson má ekki heyra það nefnt.

Hér er lagt til að rjúpnaskyttum verði uppálagt að hafa hemil á sér einum mánuði lengur en hingað til, rjúpnaveiðar hefjist ekki fyrr en 15. nóvember, en standi svo til 22. janúar í staðinn fyrir 22. desember, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Þannig mundi veiðitíminn færast dýpra inn í skammdegið og styttest á tími sem skotljóst yrði dag hvern. Þetta yrði nokkur friðun. Ekki veitir af.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi. Menntamálanefnd fjallaði um það og skil-aði einróma álit. Þar sagði m. a.: „Búnaðarfélag Íslands mælir með samþykkt frv., en Finnur Guðmundsson leggst gegn því.“ (Lbr. flm.). Nefndin treysti sér ekki til að fara að vilja Búnaðarfélags Íslands. Hún tók þeim mun meira mark á Finni Guðmundssyni og lagði til að málið yrði rotað með þeirri aðferð sem heitir „að vísa til ríkisstjórnarinnar“. Sú tillaga hlaut hins vegar ekki afgreiðslu í deildinni. Hún kom aldrei til atkvæða þar.

Flm. leyfir sér að endurflytja þetta frv. — hvað sem Finnur Guðmundsson segir.